

Efni:

**Ósk um samstarf vegna mats og kortlagningar
viðkomustaða ferðafólks**

Erindi þessa bréfs er að óska eftir samstarfi við sveitarfélagið um framhald verkefnis sem gengið hefur undir nafninu „Kortlagning auðlinda ferðaþjónustunnar“. Fyrsti áfangi þess var unninn á árinu 2014, þar sem með aðstoð heimafólks voru metnir um 5.000 staðir um allt land. Komu um 350 manns um allt land að þessari vinnu sumarið 2014.

Megintilgangurinn var að skráningin gæti nýst sveitarfélögum og öðrum þeim sem koma að skipulagsmálum ferðaþjónustunnar og gera þannig tilraun til að greina á kerfisbundinn hátt hvar auðlindir ferðaþjónustunnar og tækifæri liggja til framtíðar. Um er að ræða viðamikið og metnaðarfullt verkefni sem vonandi getur nýst við þróun og uppbyggingu íslenskrar ferðaþjónustu, bæði opinberum stofnunum og einkaaðilum, auk sveitarfélaganna.

Hvaða gögn urðu til?

Markmiðið var að kortleggja viðkomustaði þar sem upplifa mætti staðbundna og sérstaka eiginleika í náttúrufari eða menningu, þannig að staðirnir hefðu mögulegt aðdráttarafl fyrir ferðafólk. Af þeim 5.000 stöðum sem lagt var upp með standa eftir um 2.000 staðir sem metnir hafa verið með miðlungs aðdráttarafl eða meira, eins og það var skilgreint í verkefninu. Þessa staði er bæði hægt að skoða á einfaldri vefsíðu og hlaða gögnunum niður til notkunar í landupplýsingakerfum. Gögnin eru opin og notkun þeirra er öllum heimil.


Í gögnum um hvern stað kemur fram í hvaða flokka upplifanir á staðnum falla (fjörur, fossar, gil og gljúfur, o.s.frv.) en einnig var lagt mat á aðgengi, aðstöðu á staðnum, skráðar ábendingar til ferðaþjónustuaðila og/eða gesta o.fl.

Greiðslur til sveitarfélaga

Til að vinna verkefnið áfram telur Ferðamálastofa vænlegra að leita nú eftir beinu samstarfi við hvert sveitarfélag þannig að tilnefndur verið af þess hálfu ábyrgur aðili til að fara yfir þau gögn sem enn eru til staðar en ekki hafa verið birt af ýmsum orsökum, ásamt því að koma með tillögur að nýjum stöðum. Ferðamálastofa mun greiða sveitarfélögum fyrir þá vinnu sem til fellur vegna þessa þannig að greitt einingarverð sem nemur 5.000 krónum á hvern stað sem er rýndur eða tilnefndur.

Á næstu tveimur síðum er verkefnið útskýrt nánar en von Ferðamálastofu er að sveitarfélög sjái sér hag í því að koma að verkefninu með þessum hætti, þannig að hægt verði að auka gæði gagnanna.

Reykjavík 29. júní 2016



Ólöf Ýr Atladóttir, ferðamálastjóri

Hvað er þetta mikil vinna?

Vinnan fer fram í gegnum einfalt vefviðmót þar sem hvert sveitarfélag fær úthlutað sínu svæði. Inn á því sjá starfsmenn staði innan sveitarfélagsins sem:

- Taldir voru hafa aðdráttarafl í fyrri verkáfanga en voru metnir viðkvæmir af einhverjum orsökum og því ekki birtir á vefsíðu
- Borist hafa ábendingar um eftir að fyrsta áfanga lauk

Búið er að staðsetja staðina sem fyrir eru á korti en einnig verður með einföldum hætti hægt að bæta við nýjum stöðum.

Þær upplýsingar sem beðið er um að tilgreina eru:

- Aðdráttarafl staðarins (4 valkostir frá engu upp í mikið aðdráttarafl)
- Rök fyrir tilnefningu staðarins
- Hvaða þátta í náttúru, menningu eða sögu má njóta á þessum stað?
- Hvernig kemst maður að staðnum? Eru einhverjar hindranir?
- Er aðgengi takmarkað? (t.d. ef leyfi landeiganda þarf eða árstímabundin opnun)
- Nánar um aðstöðu (hakað við t.d. salerni, upplýsingaskilti o.fl.)
- Þarf að varast eitthvað á staðnum, t.d. einhverja hættu eða að einhverju viðkvæmu sé spillt?
- Býr staðurinn yfir sérstökum tækifærum sem ferðaþjónustuaðilar gætu nýtt?
- Var haft samráð við staðkunnuga eða landeigendur við mat á staðnum?
- Þarf að setja fyrirvara við birtingu upplýsinga um staðinn?

Fyrir staðkunnugan einstakling er það reynsla okkar að mat á hverjum stað ætti að vera tiltölulega fljótunnið. Að lokinni vinnu sveitarfélags tekur Ferðamálastofa við, vinnur lýsingu fyrir staðinn og birtir upplýsingar um hann á vefsíðu og í opnum gögnum.

Af þeim 5.000 stöðum sem lagt var mat á í fyrsta áfanga voru um 1.800 sem ekki voru metnir sem áhugaverðir fyrir ferðafólk. Listi yfir þessa staði fylgir einnig með til upplýsinga. Vera kann að sveitarfélagið hafi aðra sýn á mögulegt aðdráttarafl en matsfulltrúar á sínum tíma og er þá einfalt að bæta þessum stöðum við.

Staðir innan þéttbýls

Þegar þau gögn sem söfnuðust í fyrsta hluta verkefnisins eru skoðuð er ljóst að eins og verkefnið var fram sett í upphafi var á því dreifbýlishalli, þ.e. það passaði betur fyrir staði utan þéttbýlis. Af þeim sökum var m.a. beðið með birtingu á stöðum sem söfnuðust í fyrri hluta verkefnisins en féllu innan þéttbýlis. Bæði þóttu staðirnir í mörgum tilfellum falla illa undir hugtakið „viðkomustaður“ og gögnin voru víða fátækleg, væntanlega vegna þess að matsaðilum gekk illa að fella staði í þéttbýli undir þær skilgreiningar sem þeim voru gefnar. Ef til vill má segja að innan þéttbýlis sé upplifun ferðafólks meira í ætt við net upplifana, fremur en fólk sé að gera sér sérstaka ferð á einn tiltekinn stað.

Til að bregðast við þessu hefur síðan verið fundað með fulltrúum nokkurra þéttbýlissveitarfélaga sem komu að fyrri hluta verkefnisins og velt upp hugmyndum til úrbóta. Niðurstaðan varð í stuttu máli sú að innan þéttbýlis gæti verkefnið ekki síst nýst til að skrá og **fá yfirlit um mögulega staði sem sveitarfélagið telur vannýtta fyrir ferðamennsku en gætu falið í sér áhugaverða upplifun af einhverju tagi.** Ekki er lagt upp með fyrirfram skilgreinda flokka heldur eru aðilar hvattir til að skrá sem mest á mögulegum stöðum sem síðar verður hægt að flokka við frekari úrvinnslu.

Innan þéttbýlis gætu þó sértaklega átt við flokkar eins og „Græn svæði og skráðgarðar“, „Útilist /minnismerki“, „Áhugaverðar götmyndir“, „Sögufrægir staðir“, „Sögusvið bókmenntaverka“ og „Þjóðtrú/hjátrú og draugasögur“, svo nokkrum hugmyndum sé velt upp.

Eftir sem áður er þó vakin athygli á að í verkefninu er ekki verið að horfa til stærri svæða, heilla bæjarhluta eða gönguleiða heldur staða með skýra landfræðilega afmörkun.

Hagnýting við stefnumótun og áætlanagerð

Eðlilegt er að spurt sé hvernig gögnin geti nýst. Þegar margir staðir innan sama svæðis eru skoðaðir saman geta komið fram áhugaverðar vísbendingar um sérkenni svæðisins sem hugsanlega má nýta og/eða ástæða er til að vernda. Um slíka nýtingu eða vernd þarf að móta stefnu og gera áætlanir eftir þeim leiðum sem þekktar eru í stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Hin eiginlega nýting er svo í flestum tilfellum á höndum einkaaðila, sem þróa vöru eða þjónustu á grunni sérstöðunnar.

Gögnin má lesa og túlka út frá landinu sem heild, einstökum landshlutum/svæðum og út frá einstökum stöðum. T.d. við:

- Stefnumótun í ferðamálum á landsvísu.
- Skipulagsgerð fyrir landsvæði, sveitarfélög, landslagsheildir innan þeirra og einstaka staði.
- Hönnun staðanna og leiða á milli þeirra og síðan framkvæmdir eftir þeirri hönnun.
- Mörkun, markaðssetningu og kynningu.
- Vöruþróun, s.s. ferðir, gisting og önnur þjónusta eða handverk, matvara og aðrar framleiðsluvörur, sem hafa útgangspunkt í sérkennum hvers svæðis eða einstakra staða.

Gögnin í gagnabankanum eiga að geta nýst við öll þessi verkefni þótt fleiri gögn þurfi vissulega að koma til.

Viðhald ganganna

Ferðamálastofa viðheldur gögnunum og sér til þess að aðgengi að þeim og niðurhal sé einfalt fyrir sveitarfélög og aðra sem vilja nýta. Gögnin eru hýst og þeim miðlað með Geoserver landupplýsingaþjóni sem býður upp á mjög fjölbreytta miðlun, bæði með kortaþjónustu (WMS) og fitjupjónustu (WFS).

Ekki átaksverkefni

Litið er á gagnagrunninn sem lifandi tæki sem getur haldið áfram að þróast og eflast á næstu misserum. Með öðrum orðum þá er ekki um eitthvað átaksverkefni að ræða.

Ekki ferðavefur

Vakin er sérstök athygli á að markmiðið er ekki að til verði hefðbundinn ferðavefur heldur gagnagrunnur ætlaður fyrst og fremst til stefnumótunar og skipulagsvinnu í tengslum við ferðaþjónustu.

Hvað með viðkvæma staði?

Við leggjum áherslu á að til að verkefnið nýtist er nauðsynlegt að safna upplýsingum um alla staði sem kunna að hafa aðdráttarafl, þannig að fyrir liggi vitneskja um þá í tengslum við skipulag. Hins vegar getur verið eðlilegt að þeir séu ekki sýnilegir á vefsíða verkefnisins sem er opin almenningi.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Halldór Arinbjarnarson á netfangið halldor@ferdamalastofa.is eða í síma 535-5500 og þangað er einnig best að senda tilnefningar á fulltrúa sveitarfélagsins sem mun vinna að verkefninu.

Þess er vinsamlega óskað að tilnefningar berist fyrir 30. júlí næstkomandi

Nánari upplýsingar um verkefnið má finna á vef Ferðamálastofu á slóðinni:

www.ferdamalastofa.is/kortlagning